

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt neðangreindar breytingar:

Heilsársbyggð í landi Ásgarðs, Ásborgir.

Deiliskipulagið nær yfir 18 ha lands milli Þingvallavegar og Sogs. Svæðið var samþykkt 11. júní 1996 sem framtíðarsumarhúsabyggð í deiliskipulagi sumarhúsasvæðis Ásgarðs. Í aðalskipulagi sveitarfélagsins sem samþykkt var af sveitarstjórn þann 17. janúar 2001 var svæðinu breytt í heilsársbyggð.

Frístundabyggð í landi Kringlu II.

Deiliskipulagið nær yfir 86 ha lands þar sem gert er ráð fyrir 12 lóðum fyrir frístundahús.

Ofangreint, sem auglýst er með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 27. janúar 2004.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.